

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps vegna frístundabyggðar í landi Sunnuhlíðar.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. júní 2024 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. maí 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 3,2 ha svæði fyrir frístundabyggð F12, landbúnaðarland L3 minnkar sem því nemur. Þegar eru tvö frístundahús á jörðinni en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í fjögur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. júní 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júlí 2024